

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2004/EES/29/28

frá 15. maí 2002

## um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir textílvarur og um breytingu á ákvörðun 1999/178/EB (\*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 1844)

(2002/371/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins <sup>(1)</sup>, einkum 4. gr. og 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að settar verði sérstakar viðmiðanir fyrir umhverfismerki samkvæmt vöruflokkum.
- 3) Þar er einnig kveðið á um að endurskoðun á viðmiðununum fyrir umhverfismerki, sem og mats- og sannprófunarkröfunum er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð fyrir lok gildistímabils viðmiðananna sem tilgreindar eru fyrir hvern vöruflokk. Endurskoðuninni skal ljúka með tillögu að framlengingu, afturköllun eða endurskoðun.
- 4) Rétt er að endurskoða vistfræðilegu viðmiðanirnar, sem settar voru með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/178/EB frá 17. febrúar 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir textílvarur <sup>(2)</sup>, þannig að þær endurspegli þróun á markaðnum. Jafnframt skal breyta gildistíma þeirrar ákvörðunar sem framlengdur var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/831/EB <sup>(3)</sup>.

- 5) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja nýja ákvörðun þar sem settar eru sérstakar vistfræðilegar viðmiðanir fyrir þennan vöruflokk sem gilda skulu í fimm ár.
- 6) Rétt er að bæði nýju viðmiðanirnar, sem eru settar með ákvörðun 1999/178/EB, séu í gildi samtímis í takmarkaðan tíma, sem er ekki lengri en 12 mánuðir, til að fyrirtæki, sem fengið hafa eða hafa sótt um umhverfismerkið fyrir varur sínar áður en þessari nýju ákvörðun verður beitt, hafi nægan tíma til að aðlaga vörurnar þannig að þær séu í samræmi við nýju viðmiðanirnar.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins setti fram skv. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 133, 18.5.2002, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/2002 frá 6. desember 2002 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9, 13.2.2003, bls. 26.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 57, 5.3.1999, bls. 21.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 31, 28.11.2001, bls. 29.

Textílvarur, sem fá umhverfismerki bandalagsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000, verða að falla undir vöruflokkinn „textílvarur“, sem skilgreindur er í 2. gr., og uppfylla þær vistfræðilegu viðmiðanir sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Undir vöruflokkinn „textílvörur“ fellur:

Textílfatnaður og fylgihlutir: fatnaður og fylgihlutir (svo sem vasaklútar, hálsklútar, töskur, innkaupatöskur, bakpokar, belti o.fl.) sem eru hið minnsta 90%, miðað við þyngd, úr textíltrefjum.

Textílvörur til innanhússnota: textílvörur til nota innanhúss sem eru hið minnsta 90%, miðað við þyngd, úr textíltrefjum. Vegg- og gólfefni eru undanskilin.

Trefjar, garn og vefnaður til nota í textílfatnað og fylgihluti eða textílvörur til innanhússnota.

Þegar um er að ræða „textílfatnað og fylgihluti“ og „textílvörur til innanhússnota“ þarf ekki að taka dún, fjaðrir, himnur eða klæðningu með í útreikningum á hundradshluta textíltrefja.

*3. gr.*

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „016“ notað fyrir vöruflokkinn „textílvörur“.

*4. gr.*

Í stað 3. gr. ákvörðunar 1999/178/EB komi eftirfarandi:

„Skilgreiningin á vöruflokknum og vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn skulu gilda til 31. maí 2003.“

*5. gr.*

Ákvörðun þessi gildir frá 1. júní 2002 til 31. maí 2007.

Framleiðendur vara, sem falla undir vöruflokkinn „textílvörur“ og hafa fengið umhverfismerkið fyrir 1. júní 2002, mega nota merkið áfram til 31. maí 2003.

Heimilt er að veita framleiðendum, sem hafa sótt um umhverfismerkið fyrir 1. júní 2002 fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn „textílvörur“, merkið samkvæmt skilmálum ákvörðunar 1999/178/EB til 31. maí 2003.

Frá 1. júní 2002 skulu nýjar umsóknir um veitingu umhverfismerkisins fyrir vöruflokkinn „textílvörur“ uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í þessari ákvörðun.

*6. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. maí 2002.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Margot WALLSTRÖM

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

## RAMMI

**Markmiðið með viðmiðunum**

Þessar viðmiðanir miða einkum að því að draga úr mengun vatns sem rekja má til lykilverla í framleiðslu textílvara, þ.m.t. framleiðsla trefja, spunni, vefnaður, þrjón, bleiking, litun og frágangur.

Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að merkingu textílvara sem hafa lítil umhverfisáhrif.

**Kröfur varðandi mat og sannprófun**

Sérstakar kröfur varðandi mat og sannprófun eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Þegar þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, upplýsingaskjöl, prófunarskýrslur eða önnur sönnunargögn til staðfestingar á að varan uppfylli viðmiðanirnar ríkir sá skilningur að þessi plögg komi annaðhvort frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans eða undirbirgjum þeirra o.s.frv. eftir því sem við á.

Þar sem við á er heimilt að nota aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bær stofnun, sem metur umsóknina, fellst á að þær séu jafngildar.

Sú viðmiðunareining, sem miða ber ílag og frágang við, er 1 kg af textílvöru við staðalskilyrði (rakastig  $65\% \pm 2\%$  og  $20\text{ °C} \pm 2\text{ °C}$ . Þessi staðalskilyrði eru tilgreind í ISO 139 *Textiles — standard atmospheres for conditioning and testing*).

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist fylgiskjala og framkvæmt óháða sannprófun.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með því að farið sé eftir viðmiðunum, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, svo sem EMAS eða ISO 14001, er beitt (*aths.*: ekki er gerð krafa um að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

## VIÐMIÐANIR

Þessum viðmiðunum er skipt í þrjá meginflokkar er varða textíltrefjar, vinnsluferli og iðefni og notagildi.

## VIÐMIÐANIR FYRIR TEXTÍLTREFJAR

Í þessum þætti eru sérvíðmiðanir fyrir akrýl, baðmull og aðrar náttúrlegar beðmistrefjar úr fræi, elastan, hör og aðrar bastrefjar, óþvegna ull og aðrar hymmistrefjar, tilbúnar beðmistrefjar, pólýamíð, pólýestra og pólýprópýlen. Einnig er heimilt að nota annars konar trefjar, sem sérvíðmiðanir hafa ekki verið settar fyrir, að undanskildum steinullar-, gler-, málm- og kolefnistrefjum og öðrum ólífrænum trefjum.

Ekki þarf að fylgja þeim viðmiðunum sem eru settar í þessum þætti fyrir tiltekna gerð trefja ef þær trefjar nema minna en 5% af heildarþyngd textíltrefjanna í vörunni. Ekki er heldur skylt að fylgja þeim ef um endurunnar trefjar er að ræða. Í þessu samhengi eru endurunnar trefjar skilgreindar sem trefjar sem falla eingöngu til sem afskurður í textil- og fataiðnaði eða sem rusl frá neytendum (textílefni eða annað). Minnst 85% allra trefja í vörunni, miðað við þyngd, skulu þó annaðhvort vera í samræmi við samsvarandi sérvíðmiðanir fyrir viðkomandi trefjar, ef um þær er að ræða, eða trefjarnar skulu vera endurunnar.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal láta í té nákvæmar upplýsingar um efnasamsetningu textílvörunnar.

**1. Akrýl**

- a) Magn akrýlnítrilleifa í ónunnum trefjum frá framleiðslustöð skal vera minna en 1,5 mg/kg.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferð: útdrætti með sjóðandi vatni og magngreiningu með gas-vökvagreiningu með hárpípu.

- b) Losun akrýlnítrils í andrúmsloft (við fjölliðun og þar til framleidd hefur verið lausn sem spinna má trefjar úr), gefin upp sem ársmeðaltal, skal vera minni en 1 g/kg af framleiddum trefjum.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram ítarleg upplýsingaskjöl og/eða prófunarskýrslur, sem sýna að þessi viðmiðun er uppfyllt, ásamt yfirlýsingu um að varan uppfylli þessa viðmiðun.

**2. Baðmull og aðrar náttúrlegar beðmistrefjar úr fræi (þ.m.t. glansull)**

Baðmullartrefjar og aðrar náttúrlegar trefjar úr fræi (hér á eftir kölluð baðmull) skulu ekki innihalda meira en 0,05 milljónarhluta (að því tilskildu að prófunaraðferðin sé nógu nákvæm) af hverju eftirtalinna efna: aldríni, kaptafóli, klórdani, DDT, dieldrini, endrini, heptaklór, hexaklórbenzeni, hexaklórskýklóhexani (öll myndbrigði), 2,4,5-T, klórdímeformi, klórbensílati, dínósebi og söltum þess, mónókrótófosi, pentaklórfenóli, toxafeni, metamíðófosi, metýlparafíoni, parafíoni og fosfamídoni.

Þessi krafa á ekki við þar sem meira en 50% af baðmullinni er lifrænt ræktuð eða ræktuð á aðlögunartímabili, þ.e.a.s. þegar óháð stofnun hefur vottað að baðmullin hafi verið framleidd í samræmi við framleiðslu- og eftirlitskröfur sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lifræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(1)</sup>.

Þessi krafa á ekki við ef unnt er að leggja fram skrifleg sönnunargögn, sem staðfesta hvaða bændur hafa framleitt minnst 75% af þeirri baðmull, sem er í vörunni fullunninni, ásamt yfirlýsingu viðkomandi bænda um að þeir hafi ekki notað framangreind efni á baðmullarakrana, baðmullarplönturnar eða sjálfa baðmullina.

Ef 100% af baðmullinni er lifrænt ræktuð, þ.e.a.s. þegar óháð stofnun hefur vottað að baðmullin hafi verið framleidd í samræmi við framleiðslu- og eftirlitskröfur sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91, er umsækjanda heimilt að setja orðin „lifræn baðmull“ við umhverfismerkið.

Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram sönnun um lifræna vottun eða upplýsingaskjöl, sem sýna að bændur hafi ekki notað viðkomandi efni, eða prófunarskýrslu sem byggist á þeirri eftirfarandi prófunaraðferða sem við á: US EPA 8081 A (lifræn klórvarnarefni: útdráttur sem byggist á úthljóðs- eða Soxhlet-tækni og óskautuðum leysiefnum (ísóoktan eða hexan)), 8151 A (klóruð varnarefni þar sem metanól er notað), 8141 A (lifræn fosfórsambönd) eða 8270 C (hálfrokgjörn, lifræn efnasambönd).

### 3. Elastan

- a) Óheimilt er að nota lifræn tinsambönd.

*Mat og sannprófanir:* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að lifræn tinsambönd séu ekki notuð.

- b) Losun arómatískra díísósýanata í andrúmsloft við fjölliðun og spuna, gefin upp sem ársmeðaltal, skal vera minni en 5 mg/kg af framleiddum trefjum.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram ítarleg upplýsingaskjöl og/eða prófunarskýrslur, sem sýna að þessi viðmiðun er uppfyllt, ásamt yfirlýsingu um að varan uppfylli þessa viðmiðun.

### 4. Hör og annars konar basttrefjar (þ.m.t. hampur, júta og ramí (kínagrass))

Óheimilt er að framleiða hör og annars konar basttrefjar með því að feygja þær í vatni nema tryggt sé að skólþvatnið, sem verður til við feyginguna, sé hreinsað þannig að efnafræðileg súrefniþörf (COD) og heildarmagn lifræns kolefnis (TOC) minnki um a.m.k. 75% fyrir hamptrefjar og um a.m.k. 95% fyrir hör og aðrar basttrefjar.

*Mat og sannprófun:* ef feygt er í vatni skal umsækjandi leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 6060 (COD).

### 5. Óþvegin ull og aðrar hyrnistrefjar (þ.m.t. ull af sauðfé, kameldýrum, alpökum og geitum)

- a) Samanlagt innihald eftirfarandi efna skal ekki vera meira en 0,5 milljónarhlutar: (γ-hexaklórsýklóhexan (lindan), α-hexaklórsýklóhexan, β-hexaklórsýklóhexan, δ-hexaklórsýklóhexan, aldrin, dieldrin, endrin, p,p'-DDT og p,p'-DDD.
- b) Samanlagt innihald eftirfarandi efna skal ekki vera meira en 2 milljónarhlutar: díásínón, própetamfos klórfenvinfos, díklórfentíón, klórpýrifos, fenklórfos.
- c) Samanlagt innihald eftirfarandi efna skal ekki vera meira en 0,5 milljónarhlutar: sýpermetrín, deltametrín, fenvalerat, sýhalótrín, flúmetrín.
- d) Samanlagt innihald eftirfarandi efna skal ekki vera meira en 2 milljónarhlutar: díflúbensúron, tríflúmúron.

Þessar kröfur (sem tilgreindar eru í a-, b-, c- og d-lið og uppfylltar hver um sig) eiga ekki við ef unnt er að leggja fram skrifleg sönnunargögn, sem staðfesta hvaða bændur hafa framleitt minnst 75% af þeirri ull eða hyrnistrefjum, sem um er að ræða, ásamt yfirlýsingu viðkomandi bænda um að þeir hafi ekki notað framangreind efni á landið eða dýrin sem um er að ræða.

*Mat og sannprófun fyrir a-, b-, c- og d-lið:* Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram upplýsingaskjöl, sem tilgreind eru hér að framan, eða prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferð: IWTO-drögum að prófunaraðferð 59.

- e) Efnafræðileg súrefniþörf (COD) í frárennsli frá ullarþvotti, sem er losað í fráveitu, skal ekki vera meiri en 60 g/kg af óþveginni ull og utan stöðvarinnar skal hreinsa frárennslið þannig að efnafræðileg súrefniþörf, gefin upp sem ársmeðaltal, minnki um minnst 75% til viðbótar.

Efnafræðileg súrefniþörf í skólpi frá ullarþvotti, sem hreinsað er á staðnum og losað í yfirborðsvatn, skal ekki vera meiri en 5 g/kg af óþveginni ull. Sýrustig frárennslisins, sem losað er í yfirborðsvatn, skal vera milli 6 og 9 (nema sýrustig viðtökuvatsins sé utan þessara marka) og hitinn skal vera lægri en 40 °C (nema viðtökuvatnið sé heitara).

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi gögn ásamt prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 6060.

<sup>(1)</sup> Stj. 198, EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

**6. Tilbúnar beðmistrefjar (þ.m.t. viskósa, lýósell, asetat, kúpró og tríasetat)**

- a) Styrkur aðseygra, lifrænna halógensambanda (AOX) í trefjunum skal ekki vera meiri en 250 milljónarhlutar.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 11480.97 (stýrður bruni og örrafhleðslugreining (microcoulometry)).

- b) Við framleiðslu viskósutrefja skal árleg losun brennisteinssambanda í andrúmsloft að meðaltali ekki vera meiri en 120 g/kg af framleiddum heilþræði (filament fibre) og ekki meiri en 30 g/kg af skorum þræði (staple fibre). Ef báðar gerðir þræðarins eru framleiddar á sama stað skal heildarlosunin ekki vera umfram samsvarandi vegið meðaltal.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram ítarleg upplýsingaskjöl og/eða prófunarskýrslur, sem sýna að þessi viðmiðun er uppfyllt, ásamt yfirlýsingu um að varan uppfylli þessa viðmiðun.

- c) Við framleiðslu viskósutrefja skal árleg losun sinks í vatn, gefin upp sem ársmeðaltal, ekki vera meiri en 0,3 g/kg.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram ítarleg upplýsingaskjöl og/eða prófunarskýrslur, sem sýna að þessi viðmiðun er uppfyllt, ásamt yfirlýsingu um að varan uppfylli þessa viðmiðun.

- d) Við framleiðslu kúprótrefja skal styrkur kopars í fráveituvatni, sem berst frá staðnum, reiknaður sem ársmeðaltal, ekki vera meiri en 0,1 milljónarhluti.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram ítarleg upplýsingaskjöl og/eða prófunarskýrslur, sem sýna að þessi viðmiðun er uppfyllt, ásamt yfirlýsingu um að varan uppfylli þessa viðmiðun.

**7. Pólýamíð**

Losun N<sub>2</sub>O í andrúmsloft við einliðuframleiðslu, gefin upp sem ársmeðaltal, skal ekki vera meiri en 10 g/kg af framleiddum pólýamíð-6-trefjum og 50 g/kg af framleiddum pólýamíð-6,6-trefjum.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram ítarleg upplýsingaskjöl og/eða prófunarskýrslur, sem sýna að þessi viðmiðun er uppfyllt, ásamt yfirlýsingu um að varan uppfylli þessa viðmiðun.

**8. Pólýestri**

- a) Antímonmagn í pólýestratrefjum skal ekki fara yfir 260 milljónarhluta. Ef ekki er notað antímon er umsækjanda heimilt að setja orðin „án antímóns“ (eða sambærilegan texta) við umhverfismerkið.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að antímon sé ekki notað eða prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferð: beinni ákvörðun með frumeindagleypnimælingu. Prófunin skal gerð á óunnum trefjum áður en þær fara í blautvinnslu.

- b) Losun rokgjarnra, lifrænna efnasambanda við fjölliðun pólýestra, gefin upp sem ársmeðaltal, skal ekki vera meiri en 1,2 g/kg af framleiddum pólýestresíni. (Rokgjörn, lifræn efnasambönd eru skilgreind sem hvert það lifrænt efnasamband sem hefur gufubrýsting sem er 0,01 kPa eða meiri við 293,15 K eða er rokgjarnt í svipuðum mæli við þær notkunaraðstæður sem um er að ræða).

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram ítarleg upplýsingaskjöl og/eða prófunarskýrslur, sem sýna að þessi viðmiðun er uppfyllt, ásamt yfirlýsingu um að varan uppfylli þessa viðmiðun.

**9. Pólýprópýlen**

Óheimilt er að nota fastlitarefni sem innihalda blý.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að ekki séu notuð fastlitarefni sem innihalda blý.

**VIÐMIÐANIR FYRIR VINNSLUFERLI OG ÍÐEFNI**

Viðmiðanirnar í þessum þætti gilda, eftir því sem við á, um öll stig í framleiðslu vörunnar, þ.m.t. um framleiðslu trefjanna. Endurunnar trefjar mega engu að síður innihalda nokkuð af þeim leysilítum og öðrum efnum sem viðmiðanirnar útiloka annars en þó því aðeins að þessum efnum hafi verið bætt við á fyrra lífsferli trefjanna.

**10. Hjálparefni og frágangsefni fyrir trefjar og garn**

- a) Límsterkja: a.m.k. 95% (miðað við þurrvig) af þeim efnisþáttum, sem eru í límsterkjublöndum sem eru notaðar í garn, skulu vera nægilega lifrjótanlegir eða þess eðlis að unnt sé að fjarlægja þá í skólphreinsistöðvum en skulu að öðrum kosti endurnir.

*Mat og sannprófun:* Í þessu tilliti telst efni „nægilega lifrjótanlegt eða þess eðlis að unnt sé að fjarlægja það“:

— ef prófun með aðferð OECD 301 A, OECD 301 E, ISO 7827, OECD 302 A, ISO 9887, OECD 302 B eða ISO 9888 leiðir í ljós að niðurbrot efnisins nemur a.m.k. 70% á 28 dögum,

— eða ef prófun með aðferð OECD 301 B, ISO 9439, OECD 301 C, OECD 302 C, OECD 301 D, ISO 10707, OECD 301 F, ISO 9408, ISO 10708 eða ISO 14593 leiðir í ljós að niðurbrot efnisins nemur a.m.k. 60% á 28 dögum,

- eða ef prófun með aðferð OECD 303 eða ISO 11733 leiðir í ljós að niðurbrot efnisins nemur a.m.k. 80% á 28 dögum,
- eða ef unnt er að sýna fram á samsvarandi lífbrjótanleika eða fjarlægingu efnis fyrir þau efni þar sem þessar prófunaraðferðir verða ekki notaðar.

Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi upplýsingaskjöl, öryggisleiðbeiningar, prófunarskýrslur og/eða yfirlýsingar þar sem tilgreindar eru prófunaraðferðir og niðurstöður og sem sýna að þessi viðmiðun er uppfyllt fyrir allar límsterkjublöndur sem eru notaðar.

- b) Íblöndunarefni fyrir spunalausnir, spunaíblöndunarefni og undirbúningsefni fyrir frumspuna (þ.m.t. kembíoliur, spunafrágangsefni og spunaolíur): a.m.k. 90% (miðað við þurrvig) af efnisþáttunum skulu vera nægilega lífbrjótanlegir eða þess eðlis að unnt sé að fjarlægja þá í skólphreinsistöðvum.

Þessi krafa gildir ekki um undirbúningsefni fyrir frekari spuna (spunaolíur, spunabætandi efni), keiluspóluolíur (coning oils), olíur fyrir uppistöðu í vefstól (warping oils) og olíur fyrir tvinnun (twisting oils), vax, prjónaolíur (knitting oils), silíkonolíur og ólífræn efni.

*Mat og sannprófun:* „nægilega lífbrjótanlegt eða þess eðlis að unnt sé að fjarlægja það“ hefur þá merkingu sem fram kemur í a-lið hér að framan. Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi upplýsingaskjöl, öryggisleiðbeiningar, prófunarskýrslur og/eða yfirlýsingar þar sem tilgreindar eru prófunaraðferðir og niðurstöður og sem sýna að þessi viðmiðun er uppfyllt fyrir öll íblöndunarefni eða undirbúningsefni sem eru notuð.

- c) Magn fjölhringa, arómískra vetniskolefna (PAH) í jarðefnaolíuhluta vöru skal vera minna en 1,0% af þyngd vörunnar.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi upplýsingaskjöl, öryggisleiðbeiningar, vöruupplýsingar eða yfirlýsingar þar sem annaðhvort kemur fram magn fjölhringa vetniskolefna eða að ekki eru notaðar vörur sem innihalda jarðefnaolíur.

#### 11. Sæfiefni eða lífhamlandi efni

- a) Klórfeól (sölt þeirra og estrar), PCB-efni og lífræn tinsambönd skulu ekki notuð í tengslum við flutning eða geymslu vara og hálfunninna vara.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessi efni eða efnasambönd séu ekki notuð á garninu, vefnaðinum og fullunninni vörunni. Ef sannprófa skal réttmæti yfirlýsingarinnar skal nota eftirfarandi prófunaraðferð og viðmiðunarmörk: útdrátt, eftir því sem við á, afleiðslu með ísediki, ákvörðun með gas-vökvagreiningu með hárpípu ásamt greiningu með rafeindahremmingu, viðmiðunargildi 0,05 milljónarhlutar.

- b) Ekki skal nota sæfiefni og lífhamlandi efni á vörur með þeim hætti að þau séu virk á notkunartíma varanna.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að sæfiefni og lífhamlandi efni séu ekki notuð.

#### 12. Aflitun eða fjarlæging litarefna

Óheimilt er að nota sölt þungmálma (nema járn) eða formaldehýð til þess að aflita eða fjarlægja litarefni.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessi efni séu ekki notuð.

#### 13. Þynging

Óheimilt er að nota seríumsambönd við þyngingu á garni eða vefnaði.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að seríumsambönd séu ekki notuð.

#### 14. Hjálparefni:

Óheimilt er að nota eftirfarandi: alkýlfenóletoxýlöt (APEO), línuleg alkýlbensensúlfónöt (LAS), bis(vetnisbundið tólgaralkýl)dímetýlammóníumklóríð (DTDMAC), dísterýldímetýlammóníumklóríð (DSDMAC), dí(hert tól)dímetýlammóníumklóríð (DHTDMAC), etýlendíamintetraasetat (EDTA) og díetýltriámínþentaasetat (DTPA) og þessi efni mega ekki vera hluti af neinni efnablöndu eða efnasamsetningu sem notuð er.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessi hjálparefni séu ekki notuð.

#### 15. Þvottaefni, mýkingarefni og bindlar (complexing agents)

Á hverjum stað, þar sem blautvinnsla fer fram, skal a.m.k. 95%, miðað við þyngd, af þvottaefnum, mýkingarefnum og bindlum, sem notuð eru, vera nægjanlega lífbrjótanleg eða þess eðlis að unnt sé að fjarlægja þau í skólphreinsistöðvum.

*Mat og sannprófun:* „nægilega lífbrjótanlegt eða þess eðlis að unnt sé að fjarlægja það“ hefur þá merkingu sem fram kemur í viðmiðuninni hér að framan fyrir hjálparefni og frágangsefni fyrir trefjar og garn. Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi upplýsingaskjöl, öryggisleiðbeiningar, prófunarskýrslur og/eða yfirlýsingar þar sem tilgreindar eru prófunaraðferðir og niðurstöður og sem sýna að þessi viðmiðun er uppfyllt fyrir þvottaefni, mýkingarefni og bindla sem eru notuð.

**16. Bleikingarefni**

Losun aðseygra, lífrænna halógensambanda (AOX) í fráveituvatni frá bleikingu skal að öllu jöfnu vera minni en 40 mg Cl/kg. Styrkur þeirra skal vera undir 100 mg Cl/kg þegar um er að ræða:

- hör og aðrar bastrefjar,
- baðmull þar sem fjölliðun er undir 1800 og sem er ætluð til að framleiða hvíta, fullunna vöru.

Þessi krafa gildir ekki um framleiðslu tilbúinna beðmistrefja.

Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að klóruð bleikingarefni séu ekki notuð eða prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 9562 eða prEN 1485.

**17. Óhreinindi í leysilitum**

Styrkur jónaðra óhreininda í leysilitum skal ekki fara upp fyrir eftirtalin gildi (í milljónarhlutum): Ag 100; As 50; Ba 100; Cd 20; Co 500; Cr 100; Cu 250; Fe 2500; Hg 4; Mn 1000; Ni 200; Pb 100; Se 20; Sb 50; Sn 250; Zn 1500.

Ekki er tekið tillit til málma sem eru óaðskiljanlegur hluti af leysilitarsameindinni (t.d. þegar um er að ræða leysiliti úr málmflóka, tiltekna hvarfgjarna leysiliti o.fl.) þegar metið er samræmi við þessi gildi sem varða aðeins óhreinindi.

Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við gildin.

**18. Óhreinindi í fastlitarefnum**

Styrkur jónaðra óhreininda í fastlitarefnum skal ekki fara upp fyrir eftirtalin gildi (í milljónarhlutum): As 50; Ba 100; Cd 50; Cr 100; Hg 25; Pb 100; Se 100; Sb 250; Zn 1000.

Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við gildin.

**19. Litun með krómlitfesti**

Litun með krómlitfesti er óheimil.

Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að krómlitfestir sé ekki notaðir.

**20. Leysilitir úr málmflókum**

Ef leysilitir úr kopar-, króm- eða nikkelflóka eru notaðir gildir eftirfarandi:

- a) Þegar leysilitur með málmflóka er hluti af leysilitaruppskriftinni við litun beðmis skal losa minna en 20% af þeim málmflökaleysilitum, sem eru notaðir (ílag í ferlið), í skólphreinsun (hvort sem hreinsunin fer fram á staðnum eða utan hans).

Við alla aðra litun gildir að þegar leysilitur úr málmflóka er hluti af leysilitaruppskriftinni skal losa minna en 7% af þeim málmflökaleysilitum, sem eru notaðir (ílag í ferlið), í skólphreinsun (hvort sem hreinsunin fer fram á staðnum eða utan hans).

Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að leysilitir úr málmflókum séu ekki notaðir eða prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferðum: ISO 8288 fyrir Cu og Ni; ISO 9174 eða prEN 1233 fyrir Cr.

- b) Losun í vatn að lokinni hreinsun skal ekki vera meiri en: Cu 75 mg/kg (trefjar, garn eða vefnaður), Cr 50 mg/kg og Ni 75 mg/kg.

Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að leysilitir úr málmflókum séu ekki notaðir eða prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferðum: ISO 8288 fyrir Cu og Ni; ISO 9174 eða prEN 1233 fyrir Cr.

**21. Asólitir**

Óheimilt er að nota asóliti sem geta klofnað í eitthvert eftirtalinna arómatískra amína:

4-aminódífenýl	(92-67-1)
Bensidín	(92-87-5)
4-klór-o-tólúidín	(95-69-2)
2-naftýlamín	(91-59-8)
o-aminó-asótólúen	(97-56-3)
2-aminó-4-nitrótólúen	(99-55-8)
p-klóranilín	(106-47-8)
2,4-díaminóanisól	(615-05-4)
4,4'-díaminódífenýlmetan	(101-77-9)

3,3'-díklórbensídín	(91-94-1)
3,3'-dímetoxýbensídín	(119-90-4)
3,3'-dímetýlbensídín	(119-93-7)
3,3'-dímetýl-4,4'-díamínódifenýlmetan	(838-88-0)
p-kresídín	(120-71-8)
4,4'-metýlen-bis-(2-klóranilín)	(101-14-4)
4,4'-oxýdianilín	(101-80-4)
4,4'-þíódianilín	(139-65-1)
o-tólúídín	(95-53-4)
2,4-díamínótólúen	(95-80-7)
2,4,5-trímetýlanilín	(137-17-7)
4-aminóasóbensen	(60-09-3)
o-anisídín	(90-04-0)

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessir leysilitir séu ekki notaðir. Ef réttmæti yfirlýsingarinnar skal sannprófað skal nota eftirfarandi prófunaraðferð og viðmiðunarmörk: þýsku aðferðina B-82.02 eða frönsku aðferðina XP G 08-014; viðmiðunarmörk 30 milljónarhlutar. (*Aths.:* falskar, jákvæðar niðurstöður eru hugsanlegar að því er varðar 4-aminóasóbensen og því er mælt með því að niðurstaðan verði staðfest).

## 22. Leysilitir sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa skaðleg áhrif á æxlun

a) Óheimilt er að nota eftirfarandi leysiliti:

- C.I. Basic Red 9
- C.I. Disperse Blue 1
- C.I. Acid Red 26
- C.I. Basic Violet 14
- C.I. Disperse Orange 11
- C. I. Direct Black 38
- C.I. Direct Blue 6
- C.I. Direct Red 28
- C.I. Disperse Yellow 3

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessir leysilitir séu ekki notaðir.

b) Ekki er heimilt er að nota leysilitarefni eða leysilitarblöndur sem innihalda meira en 0,1%, miðað við þyngd, af efnum sem hafa fengið eða kunna að fá einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningu þeirra) þegar umsókn er lögð fram:

- H40 (getur hugsanlega valdið krabbameini),
- H45 (getur valdið krabbameini),
- H46 (getur valdið arfgengum skaða),
- H49 (getur valdið krabbameini við innöndun),
- H60 (getur dregið úr frjósemi),
- H61 (getur skaðað barn í móðurkviði),
- H62 (getur hugsanlega dregið úr frjósemi),
- H63 (getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði),
- H68 (getur valdið varanlegu heilsutjóni),

eins og mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna <sup>(1)</sup> og síðari breytingum hennar.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessir leysilitir séu ekki notaðir.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.



**23. Leysilitir sem kunna að vera næmandi**

Eftirtalda leysiliti skal aðeins nota ef heldni lituðu trefjanna, garnsins eða vefnaðarins gagnvart svita (súrum og basískum) nemur a.m.k. 4:

C.I. Disperse Blue 3	C.I. 61 505
C.I. Disperse Blue 7	C.I. 62 500
C.I. Disperse Blue 26	C.I. 63 305
C.I. Disperse Blue 35	
C.I. Disperse Blue 102	
C.I. Disperse Blue 106	
C.I. Disperse Blue 124	
C.I. Disperse Orange 1	C.I. 11 080
C.I. Disperse Orange 3	C.I. 11 005
C.I. Disperse Orange 37	
C.I. Disperse Orange 76	
(áður kallaður Orange 37)	
C.I. Disperse Red 1	C.I. 11 110
C.I. Disperse Red 11	C.I. 62 015
C.I. Disperse Red 17	C.I. 11 210
C.I. Disperse Yellow 1	C.I. 10 345
C.I. Disperse Yellow 9	C.I. 10 375
C.I. Disperse Yellow 39	
C.I. Disperse Yellow 49	

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að þessir leysilitir séu ekki notaðir eða prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferð fyrir litheldni: ISO 105-E04 (súrt og basískt, samanburður við fjöltrejfavefnað).

**24. Halógenúð burðarefni fyrir pólyestra**

Óheimilt er að nota halógenúð burðarefni.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að halógenúð burðarefni séu ekki notuð.

**25. Prentun**

- a) Prentfarfi skal ekki innihalda meira en 5% af rokgyörnum, lífrænum efnasamböndum (rokgyörn, lífræn efnasambönd eru skilgreind sem sérhvert lífrænt efnasamband sem hefur gufuþrýsting sem er 0,01 kPa eða meiri við 293,15 K eða er rokgyjart í svipuðum mæli við þær notkunaraðstæður sem um er að ræða).

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að engin prentun hafi átt sér stað eða viðeigandi skjöl, sem sýna að þessi viðmiðun er uppfyllt, ásamt yfirlýsingu um að varan uppfylli þessa viðmiðun.

- b) Prentun með plastisól sem grunnefni er óheimil.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að engin prentun hafi átt sér stað eða viðeigandi skjöl, sem sýna að þessi viðmiðun er uppfyllt, ásamt yfirlýsingu um að varan uppfylli þessa viðmiðun.

**26. Formaldehýð**

Magn óbundins formaldehýðs, sem er vatnsrjúfanlegt að hluta, í fullunnu efni skal ekki fara yfir 30 milljónarluta í vörum sem eru í beinni snertingu við húð og 300 milljónarluta í öllum öðrum vörum.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að vörur, sem innihalda formaldehýð, séu ekki notaðar eða prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferð: EN ISO 14184-1.

**27. Losun skólps frá blautvinnslu**

- a) Skólþ frá stað, þar sem blautvinnsla fer fram (nema frá ullarþvottastöð og hörfeygingarstöð) og sem er losað í yfirborðsvatn að lokinni hreinsun (hvort sem hún fer fram á staðnum eða utan hans), skal hafa efnafræðilega súrefnisþörf (COD) sem er undir 25 g/kg og gefin upp sem ársmeðaltal.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram ítarleg upplýsingaskjöl og/eða prófunarskýrslur, byggðar á ISO 6060, sem sýna að þessi viðmiðun er uppfyllt, ásamt yfirlýsingu um að varan uppfylli þessa viðmiðun.

- b) Ef fráveituvatnið er hreinsað á staðnum og losað beint í yfirborðsvatn skal sýrustig þess einnig vera á bilinu 6 til 9 (nema sýrustig viðtökuvatnsins sé utan þessara marka) og hitinn skal vera lægri en 40 °C (nema viðtökuvatnið sé heitara).

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram upplýsingaskjöl og prófunarskýrslur, sem sýna að þessi viðmiðun er uppfyllt, ásamt yfirlýsingu um að varan uppfylli þessa viðmiðun.

## 28. Logavarnarefni

Ekki er heimilt er að nota logavarnarefni eða logavarnarblöndur sem innihalda meira en 0,1%, miðað við þyngd, af efnunum sem hafa fengið eða kunna að fá einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningu þeirra) þegar umsókn er lögð fram:

H40 (getur hugsanlega valdið krabbameini),  
H45 (getur valdið krabbameini),  
H46 (getur valdið arfgengum skaða),  
H49 (getur valdið krabbameini við innöndun),  
H50 (mjög eitrað vatnalífverum),  
H51 (eitrað vatnalífverum),  
H52 (skaðlegt vatnalífverum),  
H53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),  
H60 (getur dregið úr frjósemi),  
H61 (getur skaðað barn í móðurkviði),  
H62 (getur hugsanlega dregið úr frjósemi),  
H63 (getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði),  
H68 (getur valdið varanlegu heilsutjóni),  
eins og mælt er fyrir um í tilskipun 67/548/EBE og síðari breytingum hennar.

Þessi krafa gildir ekki um logavarnarefni, sem breyta eðli sínu svo við notkun að ekki er lengur unnt að fella þau undir neinar af þeim hættusetningum sem eru taldar upp hér fyrir framan, og heldur ekki ef minna en 0,1% af logavarnarefninu heldur upphaflegum eiginleikum sínum í meðhöndluðu garni eða vefnaði.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að logavarnarefni hafi ekki verið notuð eða tilgreina hvaða logavarnarefni hafi verið notuð og leggja fram upplýsingaskjöl (svo sem öryggisleiðbeiningar) og/eða yfirlýsingar um að logavarnarefnin uppfylli þessa viðmiðun.

## 29. Frágangsefni sem varna því að varan hlaupi

Halógenuð efni eða efnablöndur, sem varna því að vara hlaupi, skal aðeins nota á ullarlyppur.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að halógenuð efni eða efnablöndur, sem varna því að vara hlaupi, hafi ekki verið notuð (gildir ekki um ullarlyppur).

## 30. Frágangsefni

Ekki er heimilt að nota frágangsefni eða frágangsefnablöndur sem innihalda meira en 0,1%, miðað við þyngd, af efnunum sem hafa fengið eða kunna að fá einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningu þeirra) þegar umsókn er lögð fram:

H40 (getur hugsanlega valdið krabbameini),  
H45 (getur valdið krabbameini),  
H46 (getur valdið arfgengum skaða),  
H49 (getur valdið krabbameini við innöndun),  
H50 (mjög eitrað vatnalífverum),  
H51 (eitrað vatnalífverum),  
H52 (skaðlegt vatnalífverum),  
H53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),  
H60 (getur dregið úr frjósemi),  
H61 (getur skaðað barn í móðurkviði),  
H62 (getur hugsanlega dregið úr frjósemi),  
H63 (getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði),  
H68 (getur valdið varanlegu heilsutjóni),  
eins og mælt er fyrir um í tilskipun 67/548/EBE og síðari breytingum hennar.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að frágangsefni hafi ekki verið notuð eða tilgreina hvaða frágangsefni hafi verið notuð og leggja fram upplýsingaskjöl (svo sem öryggisleiðbeiningar) og/eða yfirlýsingar um að frágangsefnin uppfylli þessa viðmiðun.

### 31. Fylliefni

- Fylliefni úr textiltrefjum skulu uppfylla viðmiðanir fyrir textiltrefjar (1.-9. viðmiðun) eftir því sem við á.
- Fylliefni skulu uppfylla 11. viðmiðun um sæfiefni eða lífhamlandi efni og 26. viðmiðun um formaldehýð.
- Þvottaefni og önnur efni, sem eru notuð til að þvo fylliefni (dún, fjaðrir, náttúrlegar eða tilbúnar trefjar), skulu uppfylla 14. viðmiðun um hjálparefni og 15. viðmiðun um þvottaefni, mýkingarefni og bindla.

*Mat og sannprófun:* Samkvæmt samsvarandi viðmiðunum.

### 32. Efni til yfirborðsmeðferðar, plasthúðun og himnur

- Vörur úr pólýuretani skulu uppfylla a-lið 3. viðmiðunar um lifrænt tin og b-lið 3. viðmiðunar um losun arómískra díósýanata í andrúmsloftið.

*Mat og sannprófun:* Samkvæmt samsvarandi viðmiðunum.

- Vörur úr pólýestra skulu uppfylla a-lið 8. viðmiðunar um antímonmagn og b-lið 8. viðmiðunar um losun rokgjarnra, lifrænna efnasambanda í andrúmsloftið við fjölliðun.

*Mat og sannprófun:* Samkvæmt samsvarandi viðmiðunum.

- Ekki skal framleiða efni til yfirborðsmeðferðar, plasthúð og himnur með því að nota mýkiefni eða leysiefni sem hafa fengið eða kunna að fá einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningu þeirra) þegar umsókn er lögð fram:

H40 (getur hugsanlega valdið krabbameini),

H45 (getur valdið krabbameini),

H46 (getur valdið arfgengum skaða),

H49 (getur valdið krabbameini við innöndun),

H50 (mjög eitrad vatnalífverum),

H51 (eitrad vatnalífverum),

H52 (skaðlegt vatnalífverum),

H53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),

H60 (getur dregið úr frjósemi),

H61 (getur skaðað barn í móðurkviði),

H62 (getur hugsanlega dregið úr frjósemi),

H63 (getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði),

H68 (getur valdið varanlegu heilsutjóni),

eins og mælt er fyrir um í tilskipun 67/548/EBE og síðari breytingum hennar.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessi mýki- eða leysiefni séu ekki notuð.

### 33. Orku- og vatnsnotkun

Þess er farið á leit við umsækjanda að hann veiti nákvæmar upplýsingar, af fúsum og frjálsum vilja, um vatns- og orkunotkun á framleiðslustöðum þar sem spuni, þrjón, vefnaður og blautvinnsla fer fram.

*Mat og sannprófun:* Þess er farið á leit við umsækjanda að hann veiti framangreindar upplýsingar af fúsum og frjálsum vilja.

#### NOTAGILDISVIÐMIÐANIR

Eftirfarandi viðmiðanir gilda annaðhvort fyrir litað garn, fullunninn vefnað eða fullunna vöru og skulu viðeigandi prófanir gerðar.

### 34. Hlaup í þvotti og við þurrkun

Upplýsingar um hlaup í þvotti (%) skulu bæði koma fram í þvottaleiðbeiningum og á umbúðum og/eða í öðrum vöruupplýsingum

- 2% (uppistaða og ívaf) fyrir gluggatjöld og fyrir húsgagnaáklæði sem unnt er að fjarlægja og þvo,
- 6% (uppistaða og ívaf) fyrir aðrar ofnar vörur,
- 8% (lengd og breidd) fyrir aðrar þrjónaðar vörur,
- 8% (lengd og breidd) fyrir frottéhandklæði.

Þessi viðmiðun gildir ekki um:

- trefjar eða garn,
- vörur sem eru greinilega merktar með „þurrhreinsun eingöngu“ eða annarri sambærilegri merkingu (að því marki sem venja er að merkja slíkar vörur þannig),
- húsgagnaáklæði sem ekki er unnt að fjarlægja og þvo.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 5077 með eftirfarandi breytingum: Þrír þvottar við hita, sem er tilgreindur á vörunni, ásamt þurrkun í þurrkara eftir hvern þvott, nema önnur þurrkunaraðferð sé tilgreind á vörunni, við þann hita sem er tilgreindur á vörunni og skal þvottamagn (2 eða 4 kg) vera í samræmi við þvottamerkið. Ef farið er yfir einhver framangreindra marka skal leggja fram afrit af þvottaleiðbeiningunum og umbúðunum og/eða öðrum vöruupplýsingum.

### 35. Litheldni í þvotti

Litheldni í þvotti skal a.m.k. vera stig 3 til 4 að því er varðar litabreytingu og a.m.k. stig 3 til 4 að því er varðar litasmit.

Þessi viðmiðun gildir ekki um vörur sem eru greinilega merktar með „þurrhreinsun eingöngu“ eða annarri sambærilegri merkingu (að því marki sem venja er að merkja slíkar vörur þannig), um hvítar vörur eða vörur, sem eru hvorki litaðar né áprentaðar, né um húsgagnaáklæði sem ekki má þvo.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 105 C06 (einn þvottur við hita, sem er tilgreindur á vörunni, með perbóratþvottadufti).

### 36. Litheldni gegn svita (súrum og basískum)

Litheldni gegn svita (súrum og basískum) skal vera a.m.k. stig 3 til 4 (litabreyting og litasmit).

Stig 3 er þó leyfilegt ef um er að ræða vefnað sem er hvort tveggja dökkur að lit (staðalstyrkur > 1/1) og úr enduruninni ull eða meira en 20% silki.

Þessi viðmiðun gildir ekki um hvítar vörur, um vörur sem eru hvorki litaðar né áprentaðar, um húsgagnaáklæði, gluggatjöld eða áþekkar textílvörur sem eru ætlaðar til skreytingar innanhúss.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 105 E04 (súrt og basískt, samanburður við fjöltrefjavefnað).

### 37. Litheldni við núning í votu ástandi

Litheldni við núning í votu ástandi skal vera a.m.k. stig 2 til 3. Stig 2 er þó leyfilegt fyrir indígólitað dením.

Þessi viðmiðun gildir ekki um hvítar vörur eða vörur sem eru hvorki litaðar né áprentaðar.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 105 X12.

### 38. Litheldni við núning í þurru ástandi.

Litheldni við núning í þurru ástandi skal vera a.m.k. stig 4. Stig 3 til 4 er þó leyfilegt fyrir indígólitað dením.

Þessi viðmiðun gildir ekki um hvítar vörur, um vörur sem eru hvorki litaðar né áprentaðar né um gluggatjöld eða áþekkar textílvörur sem eru ætlaðir til skreytingar innanhúss.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 105 X12.

### 39. Litheldni gegn ljósi

Litheldni vefnaðar, sem er ætlaður í húsgagnaáklæði, gluggatjöld eða önnur tjöld, gegn ljósi skal a.m.k. vera stig 5. Fyrir allar aðrar vörur skal litheldni gegn ljósi vera a.m.k. stig 4.

Stig 4 er þó leyfilegt ef um er að ræða vefnað sem er ætlaður í húsgagnaáklæði, gluggatjöld eða önnur tjöld, er hvort tveggja ljós að lit (staðalstyrkur < 1/12) og inniheldur meira en 20% ull eða aðrar hrynistrefjar eða meira en 20% silki eða meira en 20% hör eða aðrar basttrefjar.

Þessar kröfur gilda ekki fyrir dýnulök, dýnuhlífar né nærfatnað.

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 105 B02.

**40. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu**

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

- lítil vatnsmengun
- takmörkun á notkun hættulegra efna
- nær yfir allt framleiðsluferlið

*Mat og sannprófun:* Umsækjandi skal leggja fram sýni af umbúðum vörunnar, þar sem merkið sést, ásamt yfirlýsingu um að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

---